



Samkomulag um fjárhagslega skuldbindingu ríkissjóðs vegna Icesave

- Árangur af nýliðnum samningaviðræðum
- Meginatriði núverandi Icesave samnings
- Lagaleg atriði
- Fjárhagslegir áhrifaþættir
 - Endurheimtur úr þrotabúi Landsbanka Íslands hf. og tímasetning sjóðstreymis
 - Vaxtakjör
 - Gengisþróun krónunnar
 - Efnahagslegir fyrirvarar
- Áætluð útkoma
- Betri útkoma
- Verri útkoma



Árangur af nýliðnum samningaviðræðum

- Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta (TIF) skuldbindur sig til að endurgreiða Bretum og Hollendingum fjárhæð sem nemur allt að 1.329 milljónir evra annars vegar og 2.350 milljónir sterlingspunda hins vegar. Gert er ráð fyrir að í hlut TIF komi ríflega helmingur eigna bús Landsbanka Íslands sem munu nýtast til afborgunar á endurgreiðslufjárhæðinni. Ríkið skuldbindur sig til að greiða eftirstöðvarnar af fjárhæðinni eins og þær standa í lok júní 2016.
- Skipta má samningnum í þrjú tímabil:
 - **Tímabil I (2009 – 2010):** Endurgreiðslufjárhæðin ber enga vexti frá byrjun árs 2009 til loka september 2009. Frá október 2009 til ársloka 2010 reiknast fastir vegnir meðalvextir 3,2%. Vextir eru ekki greiddir út heldur safnast áfallnir vextir upp.
 - **Tímabil II (2011 – 2016):** Ríkissjóður greiðir ársfjórðungslega 3,2% vexti af endurgreiðslufjárhæðinni. Endurheimtur úr búi Landsbankans renna til TIF sem nýtir þær til afborgana af endurgreiðslufjárhæðinni.
 - **Tímabil III (2016 – út lánstíma):** Ef eftirstöðvar verða af endurgreiðslufjárhæðinni í lok júní 2016 þá falla þær á ríkissjóð sem lán með jafnar afborganir, útflutningslánavexti sem OECD reiknar (CIRR-vextir) og sveigjanlegan lánstíma.
- Efnahagslegir fyrirvarar lágmarka þá skuldabyrði sem mögulega fellur á ríkissjóð. Greiðslur ríkissjóðs verða þannig í takt við tekjur ríkissjóðs og landsframleiðslu þjóðarbúsins.

Árangur af nýliðnum samningaviðræðum



- Eftirfarandi tafla sýnir tölur til samanburðar við fyrri samning*:

Kostnaður ríkissjóðs (ma.kr.)	Núverandi samningar	Fyrri samningur
Virkir vextir**	2,56%	5,55%
Vextir greiðast frá	30. sept. 2009	1. jan. 2009
Uppsafnaðir vextir til 1. janúar 2011	24	69
Heildargreiðslur á samningstímanum	52	221
Áætlaður heildarkostnaður ríkissjóðs miðað við júní 2016	52	165
Heildarkostnaður ríkissjóðs miðað við júní 2016 að frádregnum 20 milljarða kr. eignum Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta (TIF)	32	145

* Miðað er við reikniforsendur Seðlabanka Íslands um gengisþróun gjaldmiðla og eru tölurnar ekki núvirtar


** Til að gera vexti samanburðarhæfa við fyrri samning þarf að umreikna vexti í núverandi samningum fyrir sama tímabil og fyrri samningur miðast við. Virkir vextir reiknast þá frá ársbyrjun 2009 til 2016 í stað október 2009 til 2016. Virkir vextir fyrir núverandi samninga eru þá 2,56%



Meginatriði núverandi Icesave samnings

Tímabil I (2009 – 2010) – Uppsafnaðir vextir

- Tímabilið frá ársbyrjun 2009 til loka september sama ár er vaxtalaust ólíkt fyrri samningum
- Vextir safnast upp frá október 2009 til ársloka 2010 og eru að fjárhæð **samtals 24 ma.kr.** skv. áætlunum
- Uppsafnaðir vextir eru greiddir út á árinu 2011 (TIF 20 ma.kr. og ríkissjóður 4 ma.kr.)
- Meðalvextir endurgreiðslufjárhæðarinnar eru á tímabilinu 3,2% í sterlingspundum og evrum
- Hér að neðan sést tímalína með greiðslum fyrir ofan línuna og tekjum fyrir neðan línuna






Meginatriði núverandi Icesave samnings

Tímabil II (2011 – 2016) – Vaxtagreiðslur og endurheimtur

- Vaxtagreiðslur ríkissjóðs á tímabilinu nema **samtals 50 ma.kr.** skv. áætlunum
- Endurheimtur úr búi Landsbankans renna til TIF og fara í afborganir af höfuðstól
- Meðalvextir endurgreiðslufjárhæðarinnar eru þeir sömu og á fyrra tímabili 3,2%
- Áætlaðir áfallnir vextir verða að meðaltali 8 ma.kr. á ári






Meginatriði núverandi Icesave samnings

Tímabil III (2016 – út lánstíma) – Afgreiðsla eftirstöðva

- Áætlað er að endurheimtur muni skila **samtals 22 mö.kr.** umfram endurgreiðslufjárhæðina og verða samkvæmt því engar eftirstöðvar sem falla á ríkissjóð í júní 2016
- Eftirstöðvar, ef einhverjar verða, verða greiddar með jöfnum afborgunum ásamt útflutningslánavöxtum (CIRR-vöxtum) út lánstímann
- Endurgreiðslutími er sveigjanlegur og ákvarðast út frá fjárhæð eftirstöðvanna
- Sveigjanlegur endurgreiðslutími lágmarkar þá greiðslubyrði sem fellur á ríkissjóð á ársgrundvelli






Meginatriði núverandi Icesave samnings

Efnahagslegir fyrirvarar

- Afborganir og vaxtagreiðslur fara ekki yfir 5% af heildartekjum ríkissjóðs síðastliðins árs eða 1,3% af vergri landsframleiðslu síðastliðins árs
- Ef eftirstöðvar verða undir 45 mö.kr. verður lánið greitt niður á einu ári
- Fyrir hverja 10 ma.kr. sem eftirstöðvarnar kunna að fara yfir 45 ma.kr. bætist eitt ár við lánstímann
- Lánstíminn getur lengst til ársins 2046 að hámarki





- Vanefndaúrræði, frestir og gjaldfellingarákvæði mun eðlilegri en áður
 - Vanefndir verða að vera viðvarandi til að heimilt sé að grípa til úrræða
 - Frestir til að bæta úr vanefndum eru lengri en áður
 - Vanskil á öðrum skuldbindingum ríkissjóðs geta heimilað breskum og hollenskum stjórnvöldum að gjaldfella skuldbindingar vegna lcesave, nái vanskilin tilteknum mörkum. Þessi mörk voru hækkuð verulega í nýju samningunum.

- Ákvæði um meðferð kröfuhafa fellur brott
 - Fyrri samningar gerðu kröfu um að stjórnvöld hétu því að grípa ekki til neinna aðgerða sem stríddu gegn alþjóðlegum og evrópskum viðmiðum um uppgjör lánastofnana
 - Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningunum

- Áskilnaður um bestu kjör fellur brott
 - Ef stjórnvöld næðu hagstæðari samningum við aðra um fjármögnun krafna innstæðueigenda í íslenskum bönkum var samkvæmt fyrri samningum skylt að bjóða Bretum og Hollendingum sömu eða betri kjör
 - Ekkert slíkt ákvæði er í nýju samningunum

- Úrlausn ágreiningsmála færð undan lögsögu breskra dómstóla til Alþjóðagerðardómstólsins í Haag

- Endurskoðunarákvæði eru óbreytt

- Friðhelgisréttindi íslenska ríkisins eru að fullu virt, þ. á m. um eignarhald og nýtingu náttúruauðlinda



Fjárhagslegir áhrifaþættir

Ýmsir þættir hafa áhrif á hver kostnaður og greiðslubyrði ríkissjóðs verður

- Vaxtakjör
- Gengisþróun krónunnar
- Efnahagslegir fyrirvarar
- Endurheimtur úr þrotabúi Landsbankans og tímasetning sjóðstreymis

- Áætluð útkoma
- Betri útkoma
- Verri útkoma



Vaxtakjör

- **Virkir vextir frá ársbyrjun 2009 eru 2,56%**
 - Samningar hafa hingað til miðað við vaxtagreiðslur frá ársbyrjun 2009. Í núverandi samningum er vaxtalaust tímabil fyrstu níu mánuðina árið 2009.
 - Meðalvextir frá október 2009 til 2016 eru 3,2% (3,0% í evrum og 3,3% í pundum)
 - Til að vextir séu samanburðarhæfir við fyrri vaxtakjör þarf að taka út vaxtalaus tímabilið og eru þá virkir vextir frá ársbyrjun 2009 til 2016 einungis **2,56% sbr. 5,55%**
 - Núverandi vaxtakjör eru betri en þau sem náðust í fyrri samningum
 - Núverandi vaxtagreiðslur samtals: **74 ma.kr.** á tímabilinu 2009 – 2016
 - Fyrri samningur var með vaxtagreiðslur samtals: **198 ma.kr.** á tímabilinu 2009 – 2016
 - Uppsafnaður vaxtakostnaður til ársloka 2010 er því **24 ma.kr. sbr. 69 ma.kr.**
- **Aðilar hagnast ekki á vaxtakjörum og því er miðað við CIRR vexti eftir 2016**
 - Í ljósi þess að Bretar og Hollendingar eiga ekki að hagnast á vaxtakjörum Icesave samningsins munu vextir eftir júní 2016 verða vegið meðaltal af þeim útflutningslánvöxtum (CIRR-vöxtum), í evrum og pundum, sem samsvara lánstíma lánsins



Fjárhagslegir áhrifaþættir

Gengisþróun krónunnar

Eignahlið

Protabúi gamla Landsbankans (LBI) er með eignir í ýmsum myntum

Myntirnar eru **pund, evrur, bandaríkjadalir, kanadadalir og íslenskar krónur**


619 ma.kr. munu renna til TIF úr protabúi LBI í formi endurheimta og ávöxtunar á endurheimtum eignum. Gengisþróun gjaldmiðla hefur þó áhrif á hver sú fjárhæð verður að lokum

Skuldahlið

Skuld við Breta og Hollendinga er í pundum og evrum

Um **þriðjungur** skuldarinnar er í evrum og tveir þriðju í pundum

Skuldin nemur **592 ma.kr.** miðað við gefnar reikniforsendur um þróun gjaldmiðla. Gengisþróun pounds og evru hefur þó áhrif á hver sú fjárhæð verður að lokum






Gengisþróun krónunnar

- **Áhætta tengd þróun gengis íslensku krónunnar:** Ákvæði laga nr. 44/2009 um að kröfur í erlendum gjaldmiðli skuli umreikna í íslenskar krónur og miða við gengi 22. apríl 2009 hefur áhrif á endurheimtuhlutföll í krónum
 - I. Ef verðgildi íslensku krónunnar rýrnar þá hækkar endurheimtuhlutfallið í krónum talið. TIF getur því fengið greitt upp í 100% af forgangskröfum sínum í krónum þótt endurheimtuhlutfall talið í erlendri mynt sé ekki jafnhátt. Engu að síður er horft á hvert endurheimtuhlutfallið er í íslenskum krónum. Þetta setur ákveðið þak á endurheimturnar og þær duga því skemur til að greiða upp erlendar skuldbindingar ríkissjóðs vegna lcesave.
 - II. Verði krónan sterkari gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum er ólíklegra að 100% endurheimtuhlutfall náist í krónum talið miðað við sömu endurheimtur. Hættan á að 100% endurheimtuhlutfall í krónum talið hindri frekari greiðslur upp í forgangskröfur TIF minnkar því eftir því sem krónan styrkist.
- **Krossgengisáhætta:** Gjaldeyrisáhætta tengd erlendum gjaldmiðlum stafar af því að eignasafn bús Landsbankans er í ýmsum myntum en skuldbindingar TIF í sterlingspundum og evrum. Veiking þeirra gjaldmiðla sem tekjur berast í gagnvart aðallega sterlingspundi dregur úr endurheimtum
- **Gjaldeyrisáhætta vegna vaxtagreiðslna:** Vaxtagreiðslur eiga sér stað ársfjórðungslega og því mun gengisþróun krónunnar hafa áhrif á þær fjárhæðir

Efnahagslegir fyrirvarar

- Myndin hér fyrir neðan sýnir árlega greiðslubyrði sem fellur á ríkissjóð frá og með 2016 ásamt endurgreiðslutíma
- **Endurgreiðslutíminn** (rauða línan) lengist eftir því sem eftirstöðvarnar 2016 hækka
- **Greiðslubyrðin** (bláu súlurnar) sem gæti fallið á ríkissjóð árið 2016 stendur í stað þótt eftirstöðvar hækki
- Lenging á lánstíma dregur úr greiðslubyrði ef óvæntur skellur verður í endurheimtum úr búi Landsbankans
- Þak á greiðslum sem nemur 5% af ríkistekjum eða 1,3% af landsframleiðslu lágmarkar greiðslubyrði ríkissjóðs


Áhrif eftirstöðva á endurgreiðslutíma og greiðslubyrði






Endurheimtur úr búi Landsbankans og áætlað sjóðstreymi

- Samkvæmt skýrslu skilaneftndar LBI 2. mars 2011, mun 89% af eignum Landsbankans endurheimtast m.v. gengi krónunnar 31. desember 2010
- Áætlað innstreymi í bú Landsbankans, skv. sömu skýrslu, er eins og súluritið hér til hliðar sýnir
- Nú þegar er búið að endurheimta um 31% af áætluðum eignum
- Súluritið sýnir einnig áætlað útstreymi úr búinu og tímasetninguna á greiðslunum
- Um 58% af áætluðum endurheimtum eru í formi áhættuminni eigna eins og reiðufé og skuldabréfs NBI. Skipting eigna þrotabúsins eftir eignaflokkum má sjá á skífuriti hér til hliðar



Áhætlaðar endurheimtur eftir eignaflokkum





Núverandi samningur með endurheimtum og sjóðstreymi skv. áætlun

- *Áætluð útkoma* skv. þeim forsendum sem liggja fyrir:
 - Endurheimtuhlutfallið verður samkvæmt áætlunum skilaneftndar LBI
 - Sjóðstreymið verður eins og áætlanir skilaneftndar LBI gera ráð fyrir

Fjármagnsliðir	Fjárhæð (ma.kr.)
Eftirstöðvar í júní 2016	-22
Uppsafnaðir vextir til 1. janúar 2011	24
Vaxtagreiðslur 2011 til 2016	50
Heildarkostnaður	52
Þar af er áætlaður kostnaður ríkissjóði	32



Núverandi samningur með hærri endurheimtum (30 ma.kr.) og sjóðstreymi ½ ári á undan

- *Betri útkoma:*
 - Endurheimtur verða 30 mö.kr. hærri en áætlun skilaneftndarinnar um endurheimtur gerir ráð fyrir
 - Sjóðstreymi úr búi Landsbankans eftir 2011 er flýtt um ½ ár
 - Skuldabréf NBI er selt árið 2014, sem einnig flýtir fyrir sjóðstreymi

Fjármagnsliðir	Fjárhæð (ma.kr.)
Eftirstöðvar í júní 2016	-46
Uppsafnaðir vextir til 1. janúar 2011	24
Vaxtagreiðslur 2011 til 2016	38
Heildarkostnaður	17
Þar af lendir á ríkissjóði	-3



Núverandi samningur með 4/5 endurheimtur á áhættusömum eignum, og sjóðstreymi í lok 2013

- *Verri útkomu:*
 - Reiðufé og skuldabréf NBI endurheimtist samkvæmt áætlunum skilaneftndar Landsbankans
 - Aðrar eignir verða endurheimtar einungis að 4/5 af því sem skilaneftnd Landsbankans gerir ráð fyrir
 - Sjóðstreymið tefst þ.a. engar útgreiðslur verða úr þúi LBI fyrr en 2013

Fjármagnsliðir	Fjárhæð (ma.kr.)
Eftirstöðvar í júní 2016	25
Uppsafnaðir vextir til 1. janúar 2011	24
Vaxtagreiðslur 2011 til 2016	69
Heildarkostnaður	118
Þar af lendar á ríkissjóði	98